

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1609/2001**

**frá 6. ágúst 2001**

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1622/2000 þar sem mælt er fyrir um tilteknar ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins og settar Bandalagsreglur um vínfræðilegar vinnsluáðferðir og vinnslu, að því er varðar greiningaraðferðir**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2826/2000 <sup>(2)</sup>, einkum 46. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1622/2000 <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 885/2001 <sup>(4)</sup>, heldur í gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2676/90 frá 17. september 1990 um að ákveða aðferðir Bandalagsins við vöngreiningu <sup>(5)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 761/1999 <sup>(6)</sup>, að undanskildum venjulegum aðferðum sem ekki lengur er lýst frá 1. ágúst 2001.
- 2) Samanburðarannsóknarstofur aðildarríkjanna nota að jafnaði ýmsar af venjulegu greiningaraðferðunum og samkvæmni þeirra og nákvæmni, sem er ákvörðuð með samstarfsrannsóknnum á sviði efnagreininga, virðist vera tilsvarendi við samkvæmni og nákvæmni tilvísunar- aðferða við greiningu í reglugerð (EBE) nr. 2676/90. Enn fremur hefur Alþjóðavinskriðstofan skipulagt fullgild-

ingarrannsókn á sumum þessara aðferða með það fyrir augum að þær verði viðurkenndar sem tilvísunaraðferðir. Þessi endurskoðun á gildi venjulegu aðferðanna tekur tvö ár til viðbótar og á meðan er ráðlegt að aðferðirnar verði áfram eins og lýst er í reglugerð (EBE) nr. 2676/90.

- 3) Því ber að breyta reglugerð (EB) 1622/2000 þannig að því verði frestað um tvö ár að fella venjulegu aðferðirnar, sem lýst er í viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2676/90, úr gildi.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar um vín.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað dagsetningarinnar 1. ágúst 2001 í 44. gr. reglugerðar (EB) nr. 1622/2000 komi 1. ágúst 2003.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. ágúst 2001.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. ágúst 2001.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Franz FISCHLER

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1.  
<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 328, 23.12.2000, bls. 2.  
<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 194, 31.7.2000, bls. 1.  
<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 128, 10.5.2001, bls. 54.  
<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 272, 3.10.1990, bls. 1.  
<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 99, 14.4.1999, bls. 4.